

Alþingi
Erindi nr. P 140/1666
komudagur 30.3.2012

Samtök eigenda sjávarjarða.
Pósthólf 90,
780 Hornafirði.

Alþingi nefndasvið,
101 Reykjavík.
nefndasvid@althingi.is

30. mars 2012.

Athugasemdir vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, með síðari breytingum. 140 löggjafarþing 2011-2012. Þingskjal 712, 466. mál.

Hér með er komið á framfæri eftirfarandi athugasemdum hvað viðvíkur fyrrgreindu frumvarpi.

Stjórn Samtaka eigenda sjávarjarða (Ses) telur ekki að ástæða sé til að gera þessar breytingar og að þær séu heldur ekki í samræmi við 72. gr. stjórnarskrárinnar um að eignarrétturinn sé friðhlegur, sérstaklega þegar talað sé um að sérstakt leyfi stjórnvalda þurfi til að stunda nýtingu hlunninda jarða sem átt hefur sér stað sem eignarréttur frá ómunatíð. Það er engin almenningsþörf sem krefst þess að réttur í þessum tengslum verði tekin af bændum eða hann skertur. Lög þessi eru heldur ekki í samræmi við 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópuráðsins um að allir menn hafi rétt til að njóta eigna sinna í friði. Veiði- og nýtingarrétturinn er andlag eignarréttar í þessu sambandi. Eignarréttindum þessum hefur aldrei verið afsalað til annarra né hafa þau verið skilin frá jörðunum með nokkrum hætti. Samkvæmt lögum, ákvæði Jónsbókar og veiðitilskipunar frá 1849 hafa selir notið verndar.

Aðför var gerð að selnum fyrir nokkrum árum af fulltrúum á vegum Hringormanefndar. Aðilar þessir störfuðu með vitneskju opinberra aðila á Íslandi. Stórkostlegt tjón var unnið á eignarréttindum bænda af þessum aðilum og hafa sellátrin víða ekki náð sér enn. Þörf væri á því að Umhverfisstofnun og umhverfisráðuneytið rannsökuðu það mál betur áður en lengra er haldið.

Ses telur enga þörf á því að gera þessar breytingar á lögnum. Þau eru mun betri eins og þau eru.

Virðingarfyllst,
f.h Samtaka eigenda sjávarjarða

Ómar Antonsson, formaður,
ses.netlog@gmail.com
omar@litlahorn.is